

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Neshaga 16, 3. hæð, fimmtudaginn 16. apríl 2015 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Haraldur Bernharðsson varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. Eiríkur Rögnvaldsson tilkynnti forföll. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Úttekt á efndum íslenskrar málstefnu

Sjá fg. stj. ÍM 2/2014, 1. lið. Haraldur dreifði til stjórnar drögum að bréfi til ráðherra sem fylgja mun skýrslu um störf ÍM. Lögð er áhersla á tvennt í bréfinu: íslensku í tölvuheiminum og íslensku í menntakerfinu. Um hið fyrrnefnda segir Haraldur meðal annars: „Hljóti íslensk tunga þau örlög að verða ónothæf á þessu sviði, bíði stafrænan dauða, er hætt við að staða tungunnar taki að veikjast hratt á fjölmörgum öðrum sviðum samfélagsins.“ Stjórnin samþykkti efni bréfsins og mun Haraldur ljúka við það.

Formaður hyggst í lok apríl taka til við að semja skýrslur til ráðherra um störf Íslenskrar málnefndar 2010–2011 og 2011–2015 (sjá fg. stj. ÍM 2/2015, 3. lið, a).

2. Fjárhagsstaða Íslenskrar málnefndar

Ritari kynnti yfirlit yfir fjárhagsstöðu ÍM sem Kári Kaaber tók saman. Nefndin á nú um 2,6 m.kr. í sjóði.

3. Fundur í samstarfsneti norrænu málnefndanna í mars – fundarfrásögn

Ritari greindi frá fundi samstarfsnets norrænu málnefndanna (*Netværket for sprognævnene i Norden*, <http://sprogkoordinationen.org/aktoerer/centrale-aktoerer/netvaerket-for-sprognævnene-i-norden/>) sem haldinn var 26. mars 2015 í Kaupmannahöfn. Hann fór einn á fundinn frá Íslandi en formaður ÍM komst ekki. Með nýrri skipan norræna málástarfsins hafa greiðslur dregist mjög saman til norræna samstarfsnetsins og nægja nú aðeins til að halda árlegt málnefndafing og fund í tengslum við það. Nordisk Sprogkoordination veitir ekki heldur lengur samstarfsnetinu skrifstofuaðstoð. Síðasta málnefndafing, sem haldið var í Svíþjóð, varð hins vegar óýrara en búist var við. Ákveðið var að nota afgangsféð til að halda þennan fund í samstarfsnetinu og einnig fund í ritstjórn Språk i Norden. Síða þessa ársrits er á slóðinni <http://ojs.statsbiblioteket.dk/index.php/sin>.

Sigríður sagði að mjög hefði dregið úr málakennslu á Norðurlöndum á síðustu árum. Anna sagði að 1997 hefðu verið um 1600 nemendur hér á málbrautum framhaldsskóla en væru nú aðeins um 900.

4. Önnur mál

a) Tilnefningar í örnefnanefnd

Mennta- og menningarmálaráðuneyti óskaði eftir því í bréfi dagsettu 9. apríl 2015 að Íslensk málnefnd tilnefndi fulltrúa, hvorn af sínu kyni, í örnefnanefnd til næstu fjögurra ára með vísan til ákvæða 4. gr. laga um örnefni nr. 22/2015. Áður átti ÍM einn áheyrnarfulltrúa í nefndinni. Núverandi fulltrúi ÍM í henni er Margrét Jónsdóttir prófessor við HÍ og Sigríður Þorvaldsdóttir er varamaður.

Stjórn ÍM ákvað að tilnefna Margréti og Sigurð Konráðsson prófessor við HÍ í nefndina. Ráðherra velur síðan úr tilnefningum og skipar í nefndina svo að kynjaskipting sé sem jöfnust.

b) Fundur í vinnuhóp um ríkjaheiti

Sjá fg. stj. ÍM 2/2015, 2. lið. Haraldur greindi frá því að fyrsti fundurinn hefði verið haldinn í vinnuhóp um ríkjaheiti. Hann er fulltrúi ÍM í hópnum og Anna fulltrúi RÚV. Ákveðið var að Haraldur fengi greitt frá ÍM fyrir setu á fundum vinnuhópsins. Anna sagði að mikil vinna væri eftir við að fara yfir álitamál.

c) *Ný sameiginleg leitar síða fyrir Stafsetningarorðabókina og ritreglur Íslenskrar málnefndar*
Ritari kynnti hugmyndir um nýja sameiginlega leitar síðu ætlaða almenningi fyrir *Stafsetningarorðabókina* og ritreglur ÍM sem stefnt er að verði opnuð á næsta ári. Núverandi ritreglur voru birtar í *Stafsetningarorðabókinni* (2006, bls. 673–736). Nýr gagnagrunnur hennar var hannaður 2013–2014 (2015) af Steinþóri Steingrímssyni (tölvufræðingi Árnastofnunar) og Jóhannesi B. Sigtryggssyni (ritstjóra *Stafsetningarorðabókar*). Við hönnun gagnagrunnsins var gert ráð fyrir tengingu við ritreglurnar í grunninum. Stefnt er að því að lokið verði endurskoðun nýrra ritreglna ÍM nú í ár (sjá fg. stj. ÍM 2/2015, 3. lið, b). Ef það tekst verða nýjar ritreglur settar inn í grunninn. Annars verður stuðst við núverandi reglur. Árnastofnun hefur kostað alla vinnuna við þróun gagnagrunnsins. Ritari teldi gott ef Íslensk málnefnd gæti lagt eitthvað af mörkum til hönnunar slíkrar síðu til móts við Árnastofnun enda eru ritreglurnar á vegum hennar og mikilvægt að þær séu gerðar aðgengilegar og samþættar við *Stafsetningarorðabókina*.

Stjórnin tók vel í að styrkja gerð þessarar sameiginlegu leitar síðu í samvinnu við Árnastofnun enda væri þetta eitt af grunnhlutverkum nefndarinnar, sbr. lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, nr. 61/2011: „Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og ráðherra gefur út.“ Ritara var falið að kanna betur kostnað við gerð vefsíðu fyrir *Stafsetningarorðabók* og ritreglur og kynna fjárhagsáætlun á fundi stjórnar í maí.

d) *Fundargerðir á vefsíðu ÍM*

Ritari hefur sett inn allar fundargerðir Íslenskrar málnefndar og stjórnar ÍM frá 2014 inn á síðu Málnefndarinnar. Slóðin er <http://islenskan.is/um-islenska-malnefnd/fundargerdir>

Mál til bóknar

Formaður ÍM sendi bréf 24. febrúar 2015 til nefndasviðs Alþingis vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum. 389. mál. Formaður ÍM og Anna Sigríður voru gestir á fundi allsherjar- og menntamálanefndar 11. mars þar sem rætt var um frumvarpið.

Formaður ÍM sendi bréf 24. febrúar 2015 til nefndasviðs Alþingis vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011. Formaður ÍM var gestur á fundi allsherjar- og menntamálanefndar 12. mars þar sem rætt var um breytinguna.

Varaformaður ÍM sendi bréf 31. mars 2015 til forseta Alþingis þar sem því var mótmælt að formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis skyldi senda skýrslu á ensku um peningamál til forsætisráðherra. Sjá um málið hér: <http://www.ruv.is/frett/forseti-adhefst-ekki-vegna-skyrslu-a-ensku>. Í bréfi varaformanns segir að það sé óhæfa að hafa slíka skýrslu á ensku og að það fari á svig við ákvæði 8. gr. laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Forseti Alþingis svaraði með bréfi dagsettu 8. apríl 2015. Í því þakkar forsetinn „málnefndinni fyrir þá varðstöðu um íslenska tungu sem lesa má af bréfi hennar.“ Hann segir að eins og komi fram í 1. mgr. 91. gr. þingskapa sé þingmálið íslenska, hins vegar sé skýrsla Frosta óviðkomandi Alþingi og unnin af sérfræðinganefnd á vegum forsætisráðuneytis. Í þessu samhengi er rétt að geta þess að 2012 var samþykkt málstefna Stjórnarráðs Íslands (<http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/7415>) þar sem segir meðal annars: „Íslenska er mál Stjórnarráðs Íslands og öll vinnugögn skulu vera á íslensku nema sérstök rök séu fyrir notkun annarra mála.“

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16.00.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.